

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um ferðamál fatlaðra.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því við Ferðamálaráð að farið verði að tillögum og ábendingum sem fram komu í skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastarf fatlaðra frá 1999 um að fram fari samræmd skráning á möguleikum fatlaðra til ferðalaga, gisti- og áningarstöðum, samgöngutækjum, afþreyingarmöguleikum o.fl. og niðurstaðan sett í aðgengilegan upplýsingabanka fyrir fatlaða?
2. Ef svo er ekki, hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við þessum tillögum og ábendingum starfshópsins?